

Auglýsing um friðlýsingu Kattarauga við Kornsó í Vatnsdal, Austur-Húnavatnssýslu.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa sem náttúruvætti tjörnina Kattarauga við Kornsó í Vatnsdal, ásamt hólum sem í henni eru og tjarnarbökkunum.

*Mörk náttúruvættisins eru þessi:*

Lína dregin umhverfis áðurnefnda tjörn í 10 metra fjarlægð frá bökkum hennar.

*Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:*

1. Umferð gangandi fólks er leyfð um bakka tjarnarinnar en fólk er hvatt til að ganga aðeins eftir göngustíg. Bannað er að tjalda á náttúruvættinu og öll umferð um hólmana er bönnuð.
2. Öll umferð vélknúinna ökutækja og vinnuvéla um svæðið er bönnuð.
3. Ekki má skerða gróður náttúruvættisins á nokkurn hátt og er umferð og beit búfjár innan þess bönnuð.
4. Allt rask á náttúruvættinu er bannað og varast ber allar framkvæmdir í nágrenni þess sem leitt gætu til lækkunar vatnsborðs tjarnarinnar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem ferð með umboð [stofnunarinnar].

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 1. desember 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson

---

Birgir Thorlacius